

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/2013

2013/EES/67/14

frá 14. júní 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun stefnuvirkra ljósapera, ljósdíóðupera og tengds búnaðar ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6g. **32012 R 1194**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun stefnuvirkra ljósapera, ljósdíóðupera og tengds búnaðar (Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„26h. **32012 R 1194**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun stefnuvirkra ljósapera, ljósdíóðupera og tengds búnaðar (Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1194/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.